



Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2013 - 2014

Fundur: 3. fundur Foreldrafélags	Staður: Kennarastofa Hvaleyrarskóla	Dags: 2. des	tími: 18:00 – 19:30
Mættir: Sveindís, Guðrún Erla, Ásbjörg, Sigrún, Petrína, Helga Guðlaug og Margrét. Forföll: Íris, Helga Veronica og Gísli			
Dagskrá samkvæmt fundarboði: 1. Jólaföndur 2. Einelti – Olweusar áætlun 3. Skólanámsskrá 4. Fundur með forvarnarfulltrúa, sálfræðingi og lögreglu 5. Yfirlit styrkja 6. Lýsing í sal og örbylgjuofnar 7. Önnur mál			

1. Jólaföndur

Ákveðið að hittast kl. 10:30 á laugardaginn. Það þarf að kaupa kaffi, mjólk og piparkökur. Einnig þarf að kaupa málningu og tússpenna og athuga með límbyssumar. Senda út auglýsingu sem fyrst.

2. Einelti – Olweusar áætlun

Umræða um þetta mál frestast til janúar.

3. Skólanámsskrá

Kennarar eru að nýta símenntunaráætlun til að fara í gegnum Aðalnámsskrá. Foreldrafélagið þarf að kynna sér Aðalnámsskrá skólans.

4. Fundur með forvarnarfulltrúa, sálfræðingi og lögreglu

Sveindís sagði frá fundi með Geir forvarnarfulltrúa og lögreglu. Lögreglan talaði um hópamyndun við Fjörðinn. Það er verið að reyna að uppræta þessa hópamyndun. Geir vill fá skýrslur sendar til sín um röltið. Við þurfum að senda honum reglulega hvernig hefur gengið hjá okkur. Sveindís búið að búa til einfalt form sem við biðjum þá sem eru að rölti að fylla út og senda okkur. Við getum síðan sent Geir þessi upplýsingablöð.

5. Yfirlit styrkja

Umræða um þetta mál frestast til janúar.

6. Lýsing í sal og örbylgjuofnar

Helgi sagði frá því á skólaráðsfundi að ljósin/lýsingin við sviðið í salnum hafi verið biluð. Varðandi örbylgjuofnana þá er aukning þeirra barna sem ekki eru lengur í skólamat og ásóknin því meiri í örbylgjuofnana en verið hefur. Skólinn ætlar að skoða það hvort það þurfi að bæta við ofnum.



Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

Starfsárið 2013 - 2014

7. Önnur mál

Sveindís sagði frá þeim málum sem rædd höfðu verið á skólaráðsfundi. M.a. það að engin áform eru um að hætta með ferðir 7.bekkja á Reyki eins og foreldrafélagið hafði heyrt.

Sveindís sagði frá vasklegri framgöngu fulltrúa nemanda í skólaráði sem er að standa sína vakt sem fulltrúa nemanda með sóma.

Rætt um hversu mörg börn eru hætt í áskrift hjá skólamat og hugsanlegar ástæður fyrir því.

Foreldraröltið var rætt og hvernig það hefur gengið að manna það.

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 13.janúar

Fundi slitið kl. 19:35